

ÁKVÖRÐUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR
nr. 19/2008

frá 1. febrúar 2008

um breytingu á bókun 31 við EES-samninginn, um samvinnu á sérstökum sviðum utan marka fjórþætta frelsisins

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR TEKIÐ NEÐANGREINDA ÁKVÖRÐUN

með hliðsjón af samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, með áorðnum breytingum samkvæmt bókun um breytingu á samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, er nefnist hér á eftir „samningurinn“, einkum 86. og 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Bókun 31 við samninginn var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 64/2007 frá 15. júní 2007 ⁽¹⁾.
- 2) Rétt er að auka samstarf samningsaðilanna þannig að það taki til tilmæla Evrópuþingsins og ráðsins 2006/961/EB frá 18. desember 2006 um hreyfanleika milli landa í Bandalaginu í menntunar- og þjálfunarskyni: Evrópusáttmáli um gæðamál tengd hreyfanleika ⁽²⁾.
- 3) Rétt er að auka samstarf samningsaðilanna þannig að það taki til tilmæla Evrópuþingsins og ráðsins 2006/962/EB frá 18. desember 2006 um grundvallarfærni sem tengist símenntun ⁽³⁾.

ÁKVÖRÐUNIN ER SVOHLJÓÐANDI:

1. gr.

Eftirfarandi undirliðir bætist við í 7. mgr. 4. gr. bókunar 31 við samninginn:

- „– **32006 H 0961:** Tilmæli Evrópuþingsins og ráðsins 2006/961/EB frá 18. desember 2006 um hreyfanleika milli landa í Bandalaginu í menntunar- og þjálfunarskyni: Evrópusáttmáli um gæðamál tengd hreyfanleika (Stjtið. ESB L 394, 30.12.2006, bls. 5),
- **32006 H 0962:** Tilmæli Evrópuþingsins og ráðsins 2006/962/EB frá 18. desember 2006 um grundvallarfærni sem tengist símenntun (Stjtið. ESB L 394, 30.12.2006, bls. 10).“

2. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi daginn eftir að síðasta tilkynning samkvæmt 1. mgr. 103. gr. samningsins berst sameiginlegu EES-nefndinni (*).

⁽¹⁾ Stjtið. ESB L 304, 22.11.2007, bls. 45, og EES-viðbætur við Stjtið. ESB nr. 56, 22.11.2007, bls. 2.

⁽²⁾ Stjtið. ESB L 394, 30.12.2006, bls. 5.

⁽³⁾ Stjtið. ESB L 394, 30.12.2006, bls. 10.

(*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.

3. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 1. febrúar 2008.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

Alan Seatter

formaður.